

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir sjálfseignarstofnunina Andvara.

1. gr.

*Heiti.*

Sjálfseignarstofnunin heitir Andvari og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

*Heimilisfang.*

Heimilisfang stofnunarinnar er í Reykjavík.

3. gr.

*Markmið.*

Markmið stofnunarinnar er að efla málefni til almannaheilla og varða m.a. menntakerfið, heilbrigðiskerfið og almenna velferð í landinu. Stofnunin mun þannig leggja áherslu á að styðja við verkefni á sviði æskulýðs-, menningar-, mannúðar-, rannsóknar-, heilbrigðis- og menntamála. Þá getur stofnunin styrkt önnur verkefni sem horfa til almannaheilla. Stutt verður við verkefni með fjárframlögum en einnig með annarri aðstoð starfsmanna stofnunarinnar.

Stofnunin skal í meginatriðum einbeita sér að því að styrkja fá en verðug almannaheillaverkefni.

4. gr.

*Stofnendur.*

Stofnendur stofnunarinnar eru:

Andri Sveinsson, kt. 210971-3439.

Ágúst Guðmundsson, kt. 071164-3229.

Birgir Örn Birgisson, kt. 030272-4049.

Guðmundur Kristjánsson, kt. 220860-4429.

Sigurður Gísli Pálmason, kt. 130854-5839.

Tryggvi Hjaltason, kt. 090886-3129.

5. gr.

*Stofnfé.*

Stofnfé stofnunarinnar, sem lagt er fram af stofnendum skv. 4. gr., er kr. 20.100.000 og skiptist með eftirfarandi hætti:

Andri Sveinsson, kr. 4.000.000.

Ágúst Guðmundsson, kr. 4.000.000.

Birgir Örn Birgisson, kr. 4.000.000.

Guðmundur Kristjánsson, kr. 4.000.000.

Sigurður Gísli Pálmason, kr. 4.000.000.

Tryggvi Hjaltason, kr. 100.000.

Stofnfé er óskerðanlegt og óafturkræft.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi í stofnuninni.

6. gr.

*Stjórn.*

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum til 5 ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir fimm einstaklingar í varastjórn til sama tíma. Stofnendur tilnefna fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn með samþykki allra stjórnarmanna.

Undirskriftir allra stjórnarmanna skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina, þ.m.t. prókúru og greiðsluheimildir. Stjórnarfundir eru lögmætir ef allir stjórnarmenn sækja fund, eða varamenn í þeirra stað. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

Stjórnarmenn skulu vera lögráða og hafa forræði á búi sínu. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og skipaður fjárvörsluadili skulu á hverjum tíma uppfylla lögbundin hæfisskilyrði til setu í stjórn stofnunarinnar. Missi stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, eða skipaður fjárvörsluadili hæfi til stjórnarsetu skulu þeir upplýsa sýslumann um það. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og skipaður fjárvörsluadili skulu skýra satt og rétt frá högum stofnunarinnar í opinberum auglýsingum eða tilkynningum, skýrslum, ársreikningi eða tilkynningum til sýslumanns.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum veigameiri málefnum stofnunarinnar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi.

Ekki eru greidd laun fyrir stjórnarstörf.

7. gr.

*Nánar um fundarboðun og stjórnarfundir.*

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórnarfundir geta átt sér stað rafrænt með fjarfundarbúnaði eða í gegnum síma. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef allir stjórnarmenn sækja fund. Fundir stjórnar skulu vera í það minnsta fjórum sinnum á ári. Komist stjórnarmaður ekki á fund skal hann kalla til varamann. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

8. gr.

*Aðrar stjórnareiningar.*

Stjórn er heimilt að ráða starfsmenn, þ.m.t. framkvæmdastjóra sem sér um daglegan rekstur og umsýslu stofnunarinnar. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

## 9. gr.

*Bókhald.*

Stofnunin skal færa bókhald um starfsemi sína. Stjórn, framkvæmdastjóri eða fjárvörsluaðili stofnunarinnar skal semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við lög um bókhald, nr. 145/1994, og lög um ársreikninga, nr. 3/2006.

Ákvæði laga um bókhald gilda um hæfi og störf skoðunarmanna og trúnaðarmanna. Trúnaðarmenn mega ekki sitja í stjórn eða gegna stjórnunarstörfum fyrir stofnunina.

## 10. gr.

*Endurskoðendur.*

Stofnunin skal kjósa einn eða fleiri endurskoðendur, endurskoðunarfyrtæki, skoðunarmenn eða trúnaðarmenn til að yfirfara ársreikning og varamenn þeirra. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

Ákvæði laga um endurskoðendur og endurskoðun gilda um hæfi og störf endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja, nú lög nr. 94/2019.

Ársreikningur skal fullgerður og undirritaður eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs. Ársreikningur skal lagður fram á stjórnarfundi stofnunarinnar til samþykktar. Senda skal sýslumanni áritaðan ársreikning fyrir næstliðið ár eigi síðar en 31. ágúst ár hvert.

## 11. gr.

*Reikningsárið.*

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

## 12. gr.

*Breyting skipulagsskrár, sameining og niðurlagning.*

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Vestfjörðum. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til verkefna á sviði almannaheilla og þá sérstaklega horft til þeirra markmiða sem greint er frá í 3. gr. hér að framan eða skyldra markmiða.

## 13. gr.

*Staðfesting sýslumanns.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Vestfjörðum á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Vestfjörðum, 22. maí 2025.*

**Björn Hrafnkelsson.**

---

*Auður Steingrímsdóttir.*

---

B deild - Útgáfudagur: 11. júní 2025